

Lög Árnesingakórsins í Reykjavík

1. grein

1.1. Félagið heitir Árnesingakórinn í Reykjavík.

2. grein

2.1. Markmið félagsins er að æfa og halda uppi kórsöng og efla félagsstarf Árnesinga í Reykjavík.

3. grein

3.1. Nýir félagar skulu hafa samþykki söngstjóra og félagsstjórnar til inngöngu í kórinn.

4. grein

4.1. Félögum ber að koma stundvíslega til æfinga og samsöngva.
4.2. Forföll skulu tilkynnt raddformanni.

5. grein

5.1. Félagar skulu greiða mánaðargjald skv. ákvörðun stjórnar.

6. grein

6.1. Allur ágóði af samsöngvum félagsins svo og aðrar tekjur þess renni í félagssjóð, sem ávallt skal geymdur og ávaxtaður á öruggan hátt.

7. grein

7.1. Til annarra útgjalda úr félagssjóði, en venjulegra rekstrargjalda, þarf samþykki félagsfundar.

8. grein

8.1. Aðalfundur skal haldinn í október ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara.
8.2. Aðalfundur er löglegur, ef helmingur félaga mætir á fundinn. Ef færri sækja fundinn, skal aðalfundur boðaður að nýju og er sá fundur löglegur, hversu fáir sem mæta.
8.3. Á aðalfundi skal stjórn félagsins gefa skýrslu um starfsemi þess á liðnu ári og reikningar þess bornir upp til samþykktar.
8.4. Á aðalfundi sem og á öðrum fundum félagsins, ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála, nema öðruvísi sé ákveðið.

9. grein

9.1. Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, gjaldkeri, ritari og 2 meðstjórnendur.
9.2. Kosið skal á aðalfundi ár hvert þannig að annað árið skal kosinn formaður og einn meðstjórnandi en hitt árið gjaldkeri, ritari og einn meðstjórnandi.
9.3. Þá skal einnig kjósa skoðunarmann og hans varamann.
9.4. Raddformenn eru kosnir sér.
9.5. Kosið skal skriflega og leyfðar uppástungur sem eru þó ekki bindandi.
9.6. Sá sem flest atkvæði fær er löglega kosinn.

10. grein

- 10.1. Formaður hefur á hendi allar félagslegar framkvæmdir. Hann er og fulltrúi félagsins út á við, nema öðruvísi sé ákveðið. Hann kveður til stjórnarfundar og félagsfundar og stjórnar þeim.
- 10.2. Ritari heldur gjörðabók félagsins og stjórnar þess.
- 10.3. Gjaldkeri hefur á hendi allar fjárreiður félagsins og ber honum að skila skoðuðum efnahags- og rekstrarreikningi árlega á aðalfundi.

11. grein

- 11.1. Söngstjóri skal ráðinn af félagsstjórn að fengnu samþykki félagsfundar.
- 11.2. Söngstjóri ákveður í samráði við félagsstjórn verkefni kórsins.
- 11.3. Söngstjóri ákveður söngæfingar í samráði við stjórn félagsins.
- 11.4. Aðstoðar getur hann leitað hjá félagsmönnum við æfingar, ef honum sýnist svo.

12. grein

- 12.1. Ef rétt þykir að slíta félaginu skal boða til fundar um það mál á sama hátt og til aðalfundar.
- 12.2. Verður félaginu því aðeins slitið að 2/3 félagsmanna á slíkum fundi samþykki það og skal a.m.k. helmingur félagsmanna vera mættir á fundinn.
- 12.3. Ef félagsslit eru löglega samþykkt, ráðstafar sami fundur sjóði félagsins og öðrum eignum.

13. grein

- 13.1. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og ber stjórn félagsins að senda félögum framkomnar breytingatillögur með aðalfundarboði.

14. grein

- 14.1. Þessi lög öðlast þegar gildi.

Samþykkt á aðalfundi kórsins 22. október 1982